

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi  
b.t. viðskiptanefndar,  
Nefndasvið Alþingis  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

135/42  
Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/42  
komudagur 30.10.2007

30. október 2007  
Tilvísun: 2007100061

## Efni: Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008, 1. mál

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. október 2007, þar sem óskað er eftir umsögn um þann hluta frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2008 sem fellur undir málefnasvið nefndarinnar. Jafnframt óskar viðskiptanefnd eftir upplýsingum um fjárhagsstöðu stofnunarinnar eins og hún er og um áætlaða fjárhagsstöðu í árslok 2007.


Fjármálaeftirlitið hefur skoðað erindi viðskiptanefndar og vill koma eftirfarandi á framfæri. Undir lið 12-402 á bls. 205 á þingskjali 1 ætti fjárhæð samkvæmt liðnum "Innheimt af ríkistekjum" að breytast úr 918,6 m.kr. í 915,0 m.kr. og fjárhæð samkvæmt liðnum "Viðskiptahreyfingar" að breytast úr 17,1 m.kr í 20,7 m.kr. Framangreint er í samræmi við áætlun Fjármálaeftirlitsins um rekstrarkostnað fyrir árið 2008 sem send var viðskiptaráðuneytinu í lok júní 2007 og er þá ekki tekið tillit til endurskoðaðrar áætlunar um fjárhagsstöðu í árslok 2007 sbr. næstu málsgrein. Sé tekið tillit til nýjustu upplýsinga um áætlaða fjárhagsstöðu í árslok 2007 breytast ofangreindar fjárhæðir um 20,3 m.kr., þ.e. "Innheimt af ríkistekjum" verður 894,7 m.kr. og "Viðskiptahreyfingar" 41,0 m.kr.

Á hjálögðu yfirliti kemur fram áætluð fjárhagsstaða Fjármálaeftirlitsins í árslok 2007 og fjárhagsstaðan eins og hún er áætluð í lok október 2007. Fyrirvari er um að áætlaður kostnaður til loka ársins kann að breytast. Þá er vakin athygli á að eigið fé í árslok að frádregnum sérstökum varasjóði kemur til lækkunar (til hækkunar þegar um neikvætt eigið fé er að ræða) á eftirlitsgjaldi næsta árs sem lagt er á eftirlitsskylda aðila.

Að öðru leyti gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Jónas Fr. Jónsson

  
Ragnar Hafliðason

## Fjárhagsstaða Fjármálaeftirlitsins

	Áætlun jan-des 2007 <sup>1)</sup> m.kr. (1)	Endursk. áætl. jan-des 2007 m.kr. (2)	Áætl. raunt. jan-des 2007 m.kr. (3)	Frávik (3) - (2) m.kr. (4)	Áætluð staða <sup>2)</sup> lok okt. 2007 m.kr. (5)
<b>Tekjur:</b>					
Eftirlitsgjald	599,9	601,9	602,7	0,8	502,3
Tekjur v/úrskurðarnefnda	6,0	6,0	6,0	0,0	4,1
Vaxtatekjur nettó	3,0	3,0	15,0	12,0	13,0
Aðrar tekjur	0,4	4,4	6,0	1,6	5,0
	<b>609,3</b>	<b>615,3</b>	<b>629,7</b>	<b>14,4</b>	<b>524,4</b>
<b>Gjöld:</b>					
Rekstrargjöld	621,0	607,6	601,7	-5,9	466,0
Gjöld v/úrskurðarnefnda	6,0	6,0	6,0	0,0	4,1
	<b>627,0</b>	<b>613,6</b>	<b>607,7</b>	<b>-5,9</b>	<b>470,1</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>-17,7</b>	<b>1,7</b>	<b>22,0</b>	<b>20,3</b>	<b>54,3</b>
<b>Yfirfært frá fyrra ári <sup>3)</sup></b>	<b>17,7</b>	<b>49,0</b>	<b>49,0</b>	<b>0,0</b>	<b>49,0</b>
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>0,0</b>	<b>50,7</b>	<b>71,0</b>	<b>20,3</b>	<b>103,3</b>
<b>Varasjóður</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>	<b>30,0</b>	<b>0,0</b>	<b>30,0</b>
<b>Annað eigið fé <sup>4)</sup></b>	<b>0,0</b>	<b>20,7</b>	<b>41,0</b>	<b>20,3</b>	<b>73,3</b>
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>0,0</b>	<b>50,7</b>	<b>71,0</b>	<b>20,3</b>	<b>103,3</b>

1) Áætlun sem samþykkt var með lögum nr. 168/2006. Tekjur og gjöld eru 20 m.kr. hærrí en fjárhæðir í fjárlögum.

2) Staðan er miðuð við áfallnar tekjur og gjöld (accrued basis).

3) Frávik á milli upphaflegrar áætlunar og rauntalna skýrist af því að annars vegar er um að ræða áætlun um stöðu í árslok 2006 sem unnin var á miðju því ári og hins vegar endanlega niðurstöðu fyrir árið 2006 sem liggur fyrir á fyrri hluta ársins 2007.

4) Annað eigið fé í lok árs yfirfærast til næsta árs til lækkunar á eftirlitsgjaldi þess árs.